

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 27. apríl 2023
Málsnúmer: 202303-0041
SS

Efni: Umsögn um deiliskipulag vegna Halds á Holtamannafrétti

Vísað er í tölvubréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., dags. 17. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu fyrir fjallasel í Haldi á Holtamannafrétti í Ásahreppi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið sem fjallar um staðfestingu á núverandi landnotkun við fjallaselið Hald sem og heimildir fyrir byggingu tveggja nýrra skála og gistingu fyrir allt að 40 gesti.

Eins og fram kemur er staðsetning fjallaselsins ekki staðsett innan marka um óbyggð víðerni enda nálægt mannvirkjabelti tengt vatnsfallsvirkjunum. Þá er gróðurfar svæðisins fremur fábreytt og ekki metið með hátt verndargildi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við þá uppbyggingu sem er áformuð í deiliskipulagstillögunni þótt hún sé umtalsverð. Mörg áform eru um þessar mundir um sambærilega uppbyggingu við fjallasel á Suðrhálendinu líkt og tillaga að Svæðisskipulagi Suðrhálendis, sem og margar einstakar deiliskipulagstillögur frá flestum sveitarfélögum sem eiga afrétti á Suðrhálendinu, bera með sér. Afar misjafnt er hvort uppbygging með tilheyrandi aukningu á umferð og alla jafna einhverju raski, sé heppileg eða ekki og hefur Náttúrufræðistofnun veitt umsagnir um uppbyggingaráform á svæðum sem stofnunin telur ekki vera vel til þess fallin.

Í þessu tilfalli er um svæði að ræða sem þolir ágætlega uppbyggingu enda lítið um viðkvæmar náttúruminjar eða landslag sem verða fyrir áhrifum, auk þess sem aðgengi að því er gott. Eðlilegt er að beina uppbyggingu og umferð ferðafólks á svæði af slíkum toga og hlífa þá frekar viðkvæmari svæðum. Að því sögðu er mikilvægt að vanda til verka við hönnun og framkvæmd og forðast allt óþarfa rask.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

